

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – október 2024

## Skráð atvinnuleysi í október var 3,4%

Skráð atvinnuleysi í október var 3,4% og hækkaði úr 3,3% frá september. Í október 2023 var atvinnuleysið hins vegar 3,2%.

Að meðaltali voru 7.035 atvinnulausir í október, 3.979 karlar og 3.056 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 250 frá september.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í október eða 5,9% og hækkaði úr 5,6% frá september.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,2% og 2,0% á Austurlandi.

Alls komu inn 167 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í október.


Atvinnulausir voru 7.487 í lok október, 4.185 karlar og 3.302 konur.

Í október 2024 gaf Vinnumálastofnun út 402 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 357 á höfuðborgarsvæðinu.

Í október voru 245 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 13 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi verði á bilinu 3,4% til 3,6% í nóvember.

Próun atvinnuleysis frá október 2022 til október 2024




## Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi hækkaði alls staðar á landinu frá september nema á Vesturlandi og á höfuðborgarsvæðinu þar sem það stóð í stað. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í október eða 5,9% og hækkaði úr 5,6% frá september. Næst mest var atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu eða 3,5%. Atvinnuleysi var 3,3% á landsbyggðinni í október.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,2% og 2,0% á Austurlandi.


Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í september og október.



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á þremur svæðum á landinu í október. Mestur var munurinn á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 5,7% en atvinnuleysi kvenna 6,3%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í október.

## Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



## Greining atvinnuleysis

### Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.487 í lok október, 4.185 karlar og 3.302 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 203 frá septemberlokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 113.

Alls voru 793 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok október og fjölgaði um 60 frá september.

Alls höfðu 1.284 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok október og fækkaði um 19 frá september. Í október 2023 var fjöldi þeirra hins vegar 1.137 og nemur fjölgunin 147 á milli ára.


Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.708 í október síðastliðnum en voru 1.505 í október 2023.

## Atvinnugreinar

Atvinnulausum fjölgaði í flestum atvinnugreinum í október, mest var fjölgunin í farþegaflutningum með flugi.


Atvinnulausum fækkaði lítillega í lok október í fjórum atvinnugreinum mest þó í opinberri þjónustu.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.728 sem er um 43% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.


Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok október 2024



## Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

### Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.049 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok október og fjölgaði um 157 frá september. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var 54% í lok október.




### Atvinnuleyfi


Í október 2024 gaf Vinnumálastofnun út 402 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 357 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum var 151 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 251 leyfi var framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í október, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðilekkingar eða 139 leyfi. Þá voru gefin út 128 námsmannaleyfi og 47 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í október voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 47%, 27% vegna þjónustustarfa og 11% vegna starfa verkafólks. Um 14% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í október 2024



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, október 2024



### Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 37 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í október 2024 með samtals 238 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 693 í október á vegum 19 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 34%, 29% frá Litháen og 19% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 17% starfsmanna komu frá 13 öðrum ríkjum.

### Atvinnuleit og vinnumiðlun

## Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í október voru gefin út 70 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 40 einstaklingar. Fimm fóru til Spánnar og eins fimm til Tékklands. Þá voru gefin út 20 vottorð til viðbótar til 15 annarra ríkja.

### Vinnumiðlun

## Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 167 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í október. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 107 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 66% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 20% á Suðurnesjum og 5% á Suðurlandi. Þá eru 8% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í október 2024



## Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í október voru 245 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 13 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 174 einstaklingar.

## Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.